

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 28. apríl 2009
Tilvísun: UST20090400016/bs

Efnistaka úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar í sveitarfélaginu Ölfusi. Frummatsskýrsla. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Nú eru þrjár opnar námur í Lambafelli og hefur farið þar fram efnistaka í áratugi. Umhverfisstofnun hefur þegar gefið umsagnir um tvær þessara náma. Í umsögnum sínum lagði stofnunin áherslu á að dregið væri úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökkunnar á vinnslutíma og að fyrir lögju ákveðnar hugmyndir um útlit efnistökusvæðisins að frágangi loknum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umfjöllun í frummatsskýrslu:

Framkvæmdin: Umhverfisstofnun telur að heildarflatarmál þess svæðis sem raskað verður vegna efnistöku og frágangs eigi að vera innan afmarkaðs efnistökusvæðis.

Slík afmörkun væri í samræmi við stærðarviðmið í 1. og 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Ekki ætti að gera ráð fyrir efnistöku að landamerkjum. Utan þeirra getur landeigandi ekki ráðstafað svæði til frágangs.

Gera verður ráð fyrir að frágengnir jaðrar námunnar nái að útmörkum skilgreinds efnistökusvæðis í stað þess að gera ráð fyrir að mörk efnistöku séu í raun mörk efnistökusvæðisins.

Umhverfisstofnun telur að með hliðsjón af hinum langa vinnslutíma sem í ljósi aðstæðna gæti orðið umtalsvert lengri en ráð er fyrir gert ætti að gera ráð fyrir áfangaskiptingu efnistökkunnar. Með því að takmarka stærð vinnslustáls eins og kostur er mætti draga úr sjónrænum áhrifum og jafnframt gæfust yfirvöldum auknir möguleikar til að hafa áhrif á efnistökkuna ef vilji þeirra stæði til þess.


Umhverfisstofnun bendir á að til að lágmarka sjónræn áhrif framkvæmdarinnar mætti t.d. flytja efnistökkuna í hrygg vestan núverandi efnistökkustáls og láta efnistökusvæðið afmarkast af giljum vestan og austan hryggjarins. Þetta svæði sést vel á mynd 5.6 í frummatsskýrslu. Um núllkost segir m.a. á bls. 9: "*Sá kostur gæti leitt til skorts á fyllingar- og steypuefni á höfuðborgarsvæðinu.*" Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt frekari grein fyrir líkindum þess að skortur gæti orðið á jarðefnum á Höfuðborgarsvæðinu ef fallið yrði frá umræddri


efnistöku í Lambafelli.

Niðurstaða: Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistökkunnar verði fyrst og fremst áhrif á jarðmyndanir auk sjónrænna áhrifa. Þessi áhrif eru veruleg og óafturkræf. Sjónræn áhrif efnistökkunnar á vinnslutíma er háð stærð þess svæðis þar sem efnistakan fer fram hverju sinni auk þeirra svæða sem ófrágengin eru. Því telur stofnunin brýnt að leitað verði leiða til að draga úr neikvæðum áhrif um efnistökkunnar með því að minnka umfang efnistökkunnar með áfangaskiptingu ef þess er nokkur kostur og með því að ganga frá jöðrum námunnar samfara vinnslu.

Ekki er ástæða til að ætla að fyrirhuguð efnistaka muni hafa neikvæð áhrif á grunnvatn vegna umfangs starfseminnar, mikils dýpis niður á grunnvatn og fyrirhugaðra mótvægisáðgerða. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri